

<b>Dags. fundar:</b> 25. janúar 2012	<b>Tími:</b> 17.15	<b>Nr. fundar:</b> 18
<b>Fundarboðari:</b> Svanhvít Jóhannsdóttir.	<b>Fundarritari:</b> Björn Valdimarsson	<b>Staður:</b> Laugardalslaug.

**Efni fundar:**

1. Yfirdómaranámskeið
2. Almennt dómarnámskeið
3. Punktafjöldi á mótum
4. Breytingar á ÍM 50
5. Önnur mál

**Viðstaddir:** Svanhvít G. Jóhannsdóttir, Björn Valdimarsson, Ólafur Baldursson, Gunnlaugur Þráinsdóttir og Ragnhildur Guðjónsdóttir.

**Forföll boðuð.** Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir og Steinunn R.Einarsdóttir.

**Dagskrá:**

1. Yfirdómaranámskeið verður undirbúið og rætt um að senda auglýsingu í tölvupósti á almenna dómara sem hafa náð skilyrðum um punkta og starfstíma sem almennur dómari þarf til þess að sækja yfirdómaranámskeið. Svanhvít ætlar að undirbúa námskeiðið og rætt um að því ljúki á ÍM 25 haustið 2012.
2. Almennt dómarnámskeið verður auglýst og verður haldið í tengslum við vormót Fjölnis sem verður í byrjun mars. Ólafur Baldursson og einn til viðbótar undirbúa námskeiðið.
3. Rætt um punktafjölda á Gullmóti KR. Niðurstaðan var að 5 punktar skulu gilda í öllum mótshlutum enda auglýst sem alþjóðamót og uppfyllir skilyrði þar um.
4. Nýjum hluta hefur verið bætt við ÍM 50 sem eru undanrásir að morgni fimmtudags. Mótið hefur ekki verið uppsett þannig fyrr.
5. Ólafur Baldursson fer á FINA Seminar í apríl. Rætt um alþjóðlega dómara og ræsa sem skuli senda á EM og HM á þessu ári. Nefndin samþykkir að á EM í Belgíu í maí verði sótt um Birnu Björnsdóttur sem alþjóðlegan dómara og Gunnlaug Þráinsson sem alþjóðlegan ræsi. Á EM unglunga í Belgíu í júlí verði sótt um Gunnlaug Þráinsson sem alþjóðlegan ræsi. Á HM í Istanbul í haust verði sótt um Jón Kr. Magnússon sem alþjóðlegan ræsi og Svanhvíti Jóhannsdóttur eða Harald Hreggviðsson sem alþjóðlega dómara. FINA listi númer 15 rennur út 31. desember 2012. Á honum eru Svanhvít Jóhannsdóttir og Haraldur Hreggviðsson sem alþjóðlegir dómara og Jón Kr. Magnússon og Gústaf Adolf Hjaltason sem alþjóðlegir ræsar. Hefja þarf undirbúning vegna næsta lista. Svanhvít lýsti áhuga á að sækja um á næsta lista. Einnig kom fram að umsóknir hafa borist frá Söruh Buckley og Birni Valdimarsyni um að komast á FINA lista. Rætt um að mögulega sé hægt að sækja um fleiri nöfn á næsta lista. Gunnlaugur kynnti stöðu um mönnun á alþjóða dómurum vegna alþjóðlegra móta hérlendis. Staðan er viðunandi.

**Verkefni ákveðin á fundinum:**

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir:</i>
Yfirfara kennslugögn vegna dómarnámskeiða	SGJ/BV	sem fyrst
Undirbúningur vegna dómarnámskeiðs	ÓB	Í febrúar

**Fundi slitið kl:** 18.10

**Næsti fundur:** 29.febrúar 2012.